

**Ed.**

## **1. Frumvarp til laga**

um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

(Lagt fyrir Alþingi á 67. löggjafarþingi, 1947.)

1. gr.

2. málsg. 15. gr. laga nr. 58/1946, um menntaskóla, hljóði þannig:

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna. Svo skulu og þeir, er lokið hafa umræddu fullnaðarprófi innan ársloka 1948, vera undanþegnir skilyrðinu um nám í uppeldisfræði og kennsluæfingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Athugasemdir við lagafrumvarp þetta:

Um ástæður fyrir frumvarpi þessu, sem lagt er fyrir Alþingi samkvæmt ákvæðum 28. gr. stjórnarskrárinnar, vísast til fylgiskjalsins.

### Fylgiskjal.

Bráðabirgðalög um breyting á lögum nr. 58/1946, um menntaskóla.

### FORSETI ÍSLANDS

*gjörir kunnugt:* Menntamálaráðherra hefur tjáð mér, að brýna nauðsyn beri til að breyta nú þegar lögum nr. 58/1946, um menntaskóla, á þann veg, að heimilt verði að skipa þá, er lokið hafa fyrir 1. janúar 1949 kennara- eða meist-araprófi við Háskóla Íslands eða hliðstæðu prófi við sambærilega stofnun, kennara við menntaskóla, enda þótt þeir hafi eigi stundað nám í uppeldis- og kennslufræðum, þar eð skortur sé á mönnum til kennslustarfa við nefnda skóla og störf skólanna hefjist innan fárra daga.

Með skírskotun til framanritaðs eru hér með sett bráðabirgðalög, samkvæmt heimild í 28. gr. stjórnarskrárinnar, á þessa leið:

1. gr.

2. málsg. 15. gr. laga nr. 58/1946, um menntaskóla, hljóði þannig:

Þessi ákvæði ná eigi til þeirra, sem nú eru fastir kennarar skólanna. Svo skulu og þeir, er lokið hafa umræddu fullnaðarprófi innan ársloka 1948, vera undanþegnir skilyrðinu um nám í uppeldisfræði og kennsluæfingum.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

*Gjört í Reykjavík, 19. september 1947.*

**Sveinn Björnsson.**

(L. S.)

*Eysteinn Jónsson.*